

Guð læknar Hiskía

Leiðbeiningar: Finndu þér rólegan stað til að leysa þetta verkefni. Þegar þú lest ritningarstaðina skaltu ímynda þér að þú sért vitni að atburðunum. Reyndu að sjá sögusviðið fyrir þér. Settu þig í spor sögupersónanna og ímyndaðu þér að þú heyrir raddir þeirra. Leyfðu frásögunni að lifna við.

Aðalpersónur: Hiskía, Jesaja.

Samantekt: Hiskía veikist, biður bænar og Guð læknar hann.

1 SKOÐAÐU SÖGUSVIÐIÐ. – LESTU JESAJA 38:1-9.

Hvernig heldurðu að Hiskía hafi liðið þegar hann bað til Guðs? (*Lestu aftur vers 3.*)

Í Jesaja 38:5-8 geturðu lesið hvað Jesaja átti að segja við Hiskía. Hvernig ætli raddblær hans hafi verið þegar hann flutti Hiskía boðin?

Hvernig heldurðu að Hiskía hafi brugðist við þegar hann fékk að vita að hann myndi læknast og halda lífi?

2 KAFAÐU DÝPRA.

Hvað annað en veikindin gæti hafa valdið Hiskía áhyggjum? (*Visbending: Lestu Jesaja 36:1; 38:6.*)

Hvað gerði það að verkum að Jehóva hlustaði á bæn Hiskía? (*Lestu 2. Kronikubók 31:20, 21; Jesaja 38:3.*)

Hvernig heldurðu að Jesaja hafi liðið þegar Jehóva sendi hann aftur til Hiskía með ný boð sem stönguðust á við hin fyrri?

Hvernig geturðu verið viss um að skugginn sem færðist aftur á sólskifunni hafi ekki bara verið ofsjónir heldur raunverulegt kraftaverk? (*Lestu 2. Kronikubók 32:24, 31.*)

3

NOTAÐU ÞAÐ SEM ÞÚ LÆRÐIR.

Skrifaðu hjá þér það sem þú lærðir um ...

hvernig Jehóva er alltaf fús til að hlusta á bænir okkar.

hvernig hægt er að eiga gott mannorð hjá Guði.

4

SPYRÐU ÞIG.

Við hvaða aðstæður ætti ég að muna að leita til Jehóva í bæn?

Hvernig get ég verið einlægari þegar ég bið og hugsað betur um hvað ég segi í bænum mínum?

Hvað í þessari frásögu hafði mest áhrif á þig og hvers vegna?

Tillaga: Fáðu börnin til að leika fréttamenn sem lýsa atburðarás sögunnar og taka viðtal við aðalpersónurnar og sjónarvotta.



Þú getur sótt
þetta skjal á
www.jw.org/is.